

Nd. 355. Frumvarp til laga [211. mál]

um breyting á lögum nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13/1979 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

A.

Í stað orðsins „samkeppnisnefndar“ í 1. mgr. 3. gr. laganna komi orðin: þriggja manna nefndar.

B.

Á eftir 3. mgr. 3. gr. laganna komi tvær nýjar mgr. er orðist svo:

Verðlagsstjóri er formaður þriggja manna nefndar. Viðskiptaráðherra skipar aðra nefndarmenn, annan skv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands og hinn skv. tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands.

Varaformaður þriggja manna nefndar er varaverðlagsstjóri. Aðrir varamenn skulu skipaðir á sama hátt og um getur í 4. mgr. greinar þessarar. Nefndarmenn skulu skipaðir til sama tíma og verðlagsráðsmenn.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsráð getur fjallað um öll þau mál er lög þessi taka til og er ákvörðunarvald skv. lögunum í höndum ráðsins. Þriggja manna nefndin undirbýr mál sem lögð skulu fyrir verðlagsráð. Nefndinni er jafnframt heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál sem þurfa skjótrar úrlausnar við. Ef slíkar ákvarðanir hljóta eigi samþykki verðlagsráðs á næsta fundi ráðsins falla þær sjálfkrafa úr gildi. Verðlagsráð getur að meira eða minna leyti falið þriggja manna nefndinni og verðlagsstofnun ákvörðunarvald sitt eftir afmörkuðum reglum, sem ráðið setur.

3. gr.

A.

Í stað orðsins „samkeppnisnefnd“ í 1. ml. 2. og 3. mgr. 14. gr., 2. mgr. 16. gr., 2. mgr., 3. mgr. og 1. ml. 4. mgr. 19. gr., 1. mgr. 24. gr., 1. ml. 1. mgr. og 1. og 2. ml. 3. mgr. 25. gr., 38. gr., 1. ml. 3. mgr. 43. gr. og 48. gr. laganna komi orðið: verðlagsráð. Í stað orðsins „samkeppnisnefndar“ í 1. mgr. 51. gr. komi: þriggja manna nefndar.

B.

Orðið „samkeppnisnefndar“ verði felld niður úr 46. gr., og orðin „og samkeppnisnefndar“ úr 1. ml. 2. mgr. og 4. mgr. 47. gr. laganna.

C.

18. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsráð getur ákveðið að verði og álagningu, sem ákveðin hefur verið af markaðsráðandi fyrirtækjum eða með samningum eða samþykktum, megi ekki breyta án leyfis ráðsins.

D.

Síðasti ml. 4. mgr. 19. gr. laganna orðist svo:

Reynist samkeppni þá enn ófullnægjandi getur verðlagsráð beitt ákvæðum 8. gr.

E.

2. mgr. 21. gr. falli niður.

4. gr.

8. gr. laganna, sbr. 59. gr. laga nr. 13/1979, orðist svo:

Þær samþykktir um hámarksálagningu, hámarksverð og aðra verðlagningu, sem í gildi eru þegar lög þessi koma til framkvæmda, skulu gilda áfram. Verðlagsráð getur tekið ákvarðanir um breytingar á þessum samþykktum og þegar samkeppni er að mati ráðsins nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag, getur það felld verðlagningu á vöru og þjónustu undan verðlagsákvæðum.

Nú hafa verðlagsákvæði verið afnumin og getur verðlagsstofnun þá skyldað hlutaðeigandi aðila til að tilkynna stofnuninni verðhækkanir. Nú er samkeppni takmörkuð að mati verðlagsráðs á sviði þar sem verðlagning er ekki undir verðlagsákvæðum, eða samkeppni er ekki nægileg til að tryggja sanngjarnt verðlag eða horfur eru á ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar, og getur þá ráðið ákveðið eftirtaldar aðgerðir til að ná því takmarki sem um ræðir í 1. gr.:

1. Hámarksverð og hámarksálagningu.
2. Gerð verðútreikninga eftir nánar ákveðnum reglum.
3. Verðstöðvun í allt að sex mánuði í senn.
4. Setningu annarra reglna um verðlagningu og viðskiptakjör sem verðlagsráð telur nauðsynlegar hverju sinni.

5. gr.

A.

Við 45. gr. laganna bætist tvær nýjar mgr.:

Þeim aðilum sem flytja inn vörur til endursölu er skylt að senda verðlagsstofnun verðútreikninga yfir þær vörur sem þeir flytja inn og skulu útreikningar hafa borist stofnuninni eigi síðar en 15 dögum eftir að vara er tollafgreidd. Verðlagsstofnun getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar mgr.

Óheimilt er að hefja sölu á vöru sem er háð verðlagsákvæðum fyrr en söluverð hennar hefur verið staðfest af verðlagsstofnun. Einnig er óheimilt að hefja sölu á öðrum vörum fyrr en verðútreikningur er kominn til verðlagsstofnunar.

B.

Við 53. gr. laganna bætist ný mgr. sem orðist svo:

Það skal talið fullframið brot gegn ákvæðum 4. mgr. 45. gr. um skil á verðútreikningum til verðlagsstofnunar, ef liðnir eru 15 dagar frá tollafgreiðslu vara sem skylt er að skila verðútreikningum fyrir, og skyldunni hefur ekki verið fullnægt.

6. gr.

Orðin „5 000 — 20 000 kr.“ í 1. mgr. 49. gr. laganna falli niður.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella texta þeirra inn í lög nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13/1979, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í skýrslu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í efnahagsmálum sem lögð var fyrir Alþingi í síðasta mánuði segir m. a. um verðlagsmál: „Í verðlagsmálum verður við það miðað að draga úr opinberum afskiptum af verðmyndun og auka sveigjanleika í verðmyndunarkerfinu, samkvæmt frumvarpi, sem lagt verður fram á Alþingi á næstu dögum. Tekið verður upp nýtt fyrirkomulag, sem miðar að því að verðgæsla komi í vaxandi mæli í stað beinna verðlagsákvæða“. Með frumvarpi því sem hér liggur fyrir er lagt til að þessari fyrirætlan ríkisstjórnarinnar verði hrint í framkvæmd með breytingum á lögum nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13/1979. Jafnframt er lagt til að nokkrar aðrar breytingar verði gerðar á lögnum þar sem framkvæmd þeirra hefur leitt í ljós nokkra agnúa sem æskilegt er að nema burt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lagt til að samkeppnisnefnd verði lögð niður en verðlagsráð taki við störfum nefndarinnar. Þykir þessi breyting æskileg þar sem hætta er á að verksvið þessara tveggja aðila á sviði stjórnsýslunnar skarist. Breytingin mun einnig horfa til einföldunar og vinnusparnaðar.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að sett verði á fót þriggja manna nefnd sem hafi með höndum undirbúning þeirra mála sem leggja skal fyrir verðlagsráð. Með breytingunni er ætlunin að tryggja bæði vandaðri og hraðari málsmeðferð hjá ráðinu. Skv. frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir að nefndin geti tekið ákvarðanir um einstök mál er heyra undir verðlagsráð þegar ekki er unnt að bíða með ákvörðun til næsta fundar í ráðinu. Ákvarðanir þessar eru þó einungis til bráðabirgða. Vegna verksviðs nefndarinnar þykir rétt að verðlagsstjóri sé þar í forsæti og að hagsmunasamtök vinnumarkaðarins eigi þar sinn hvorn fulltrúann.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar er miða að því að draga úr opinberum afskiptum af verðmyndun og auka sveigjanleika í verðmyndunarkerfinu. Er að því stefnt að verðgæsla komi í vaxandi mæli í stað beinna verðlagsákvæða.

Skv. frumvarpsgreininni mun verðlagsráð geta fellt verðlagningu á vöru og þjónustu undan verðlagsákvæðum þegar samkeppni er nægileg að mati ráðsins til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag. Öðlast slíkar ákvarðanir gildi án þess að samþykki ríkisstjórnar þurfi að koma til eins og ráð er fyrir gert í gildandi lögum. Í greininni er enn fremur kveðið svo á að verðlagsráð geti gripið til ákveðinna aðhaldsaðgerða, þ. á m. hámarksverðs og hámarksálagningar, ef samkeppni er takmörkuð eða önnur tilgreind skilyrði eru til staðar á sviði þar sem verðlagning er frjáls.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að sett verði ný ákvæði um verðútreikninga í því skyni að auðvelda verðgæslu. Útreikningar þessir eru grundvallargagn við verðlagningu innfluttra vara. Má t. d. benda á að villa í verðútreikningi hjá innflytjanda getur hæglega komið fram í rangri verðlagningu í smásölu og væri villan til hækkunar yrðu neytendur að greiða hærra verð. Greinin á að tryggja að verðlagsstofnun fái verðútreikninga fljótt í hendur til athugunar. Einnig ætti greinin að auðvelda verðlagsstofnun að koma fram málum fyrir dómstólum vegna vanskila á verðútreikningum. Loks er kveðið skýrar á um það en áður hvenær brot er felst í vanskilum á verðútreikningum til verðlagsstofnunar telst fullframið.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að hámarks- og lágmarksfjárhæðir dagsekta sem verðlagsráð getur lagt á þá er vanrækja að láta í té nauðsynlegar skýrslur og gögn í sambandi við framkvæmd laganna verði afnumdar.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.